

# Rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi 2013

Samanburður mælinga á vímuefnanotkun  
framhaldsskólanema á Íslandi 2000 - 2013



RANNSÓKNIR & GREINING  
HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

[www.rannsoknir.is](http://www.rannsoknir.is)

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna og greiningar.

© 2013 Rannsókniir og greining

## Efnisyfirlit

Yfirlit yfir myndir .....	4
Inngangsorð .....	5
Aðferð og gögn.....	7
Þátttakendur .....	7
Mælitæki .....	7
Framkvæmd og úrvinnsla gagna .....	8
Niðurstöður .....	9
Daglegar reykingar .....	9
Notkun munn – og neftóbaks .....	9
Ölvun sl. 30 daga .....	11
Ólögleg vímuefni .....	11

## Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi árin 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013 sem segjast reykja sígarettur daglega. ....	9
Mynd 2. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað munntóbak 3x eða oftar sl. 30 daga. ....	9
Mynd 3. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað neftóbak 3x eða oftar sl. 30 daga. ....	10
Mynd 4. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013. ....	11
Mynd 5. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013. ....	11
Mynd 6. Hlutfall nema á landinu í heild sem hafa notað marjúana einu sinni eða oftar um ævina, árin 2010 og 2013. ....	12
Mynd 7. Hlutfall nema á landinu í heild sem hafa notað hass eða marjúana þrisvar sinnum eða oftar um ævina, árin 2010 og 2013. ....	12
Mynd 8. Hlutfall nema á landinu í heild árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina. ....	13
Mynd 9. Hlutfall nema á landinu í heild árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað E-töflur, LSD eða kókaín um ævina. ....	13

## Inngangsorð

Öflugt forvarnarstarf hefur verið rekið undanfarin ár meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Árangurinn hefur verið einstakur og er vímuefnaneysla ungmenna á þessum aldri með því lágsta sem gerist í hinum vestræna heimi. Þessum góða árangri ber að þakka þeirri samstöðu sem tókst að skapa meðal flestra þeirra sem komið hafa að umönnun og uppeldi barna og unglinga undanfarin ár. Fjöldi rannsókna á málefnum barna og unglinga á mið- og efsta stigi grunnskóla sem Rannsóknir og greining hefur gert undanfarin rúman áratug gefa raunsanna mynd af stöðu þessara mála. Þá hefur afstaða fólks til vímuefnaneyslu unglinga breyst á þessum tíma og sýnt okkur að unnt er að ná árangri í forvarnarstarfi ef rétt er á spilum haldið og sem flestir láti sig málið varða. Starfið hefur þó á þessum tíma, einkum og aðallega beinst að nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og vímuefnaforvarnir meðal eldri ungmenna hafa hlotið minni athygli.

Ljóst er að mikil þörf er á nánari kortlagningu á neyslumynstri ungmenna í framhaldsskólum sem og á staðbundnum upplýsingum fyrir starfsfólk hvers framhaldsskóla. Til að koma til móts við þessa þörf ákvað Rannsóknir og greining, í samráði við skólameistara allra framhaldsskóla, að gera rannsókn á neyslu vímuefna meðal framhaldsskólanema í febrúar 2013 og birtum við hér niðurstöður hennar.

Í skýrslunni er dregin upp mynd af þróun í neyslu framhaldsskólanema allt frá árinu 2000 til 2013. Niðurstöðurnar gefa til kynna jákvæða mynd af þróuninni á landsvísu en eðli máls samkvæmt er staðan nokkuð mismunandi milli skóla. Þannig hefur dregið úr daglegum reykingum frá árinu 2010 úr 11,8 í 7,6% árið 2013 og úr 21% árið 2000. Hlutfall ölvunardrykkju nemenda síðastliðna 30 daga hefur lækkað úr 55,2% árið 2010 og úr 63,5% árið 2000 í 48,8% árið 2013. Hlutfall þeirra sem prófað hafa hass einu sinni hefur lækkað úr 12,0% árið 2010 í 5,7% árið 2013 og úr 22,8% frá árinu 2000. Hlutfall þeirra sem prófað hafa maríjúana einu sinni um ævina er það eina sem stendur nokkurn veginn í stað frá árinu 2010, fer úr 23% í 22% árið 2013.

Þessar niðurstöður eru vissulega ánægjulegar. Þá ber að hafa í huga að þær eru síður en svo sjálfgefnar. Aðrar rannsóknir á umhverfi vímuefnaneyslu á þessu skólastigi sem Rannsóknir og greining hefur unnið á undanförunum misserum sýna, að samstarf á milli skóla minnkar á framhaldsskólastigi frá því sem var í grunnskóla, samstarf sveitarfélaga og framhaldsskóla um vímuefnaforvarnir er lítið og minnkar verulega eftir

að nemendur hætta í grunnskóla. Þá er samstarf foreldraráða og framhaldsskóla sömuleiðis lítið sé miðað við sama starf meðan nemendur eru í grunnskóla.

Þá leiða nýjar niðurstöður okkar í ljós grundvallarbreytingu á viðhorfum foreldra til alvarleika áfengisneyslu meðal unglunga í efsta bekk grunnskóla og sömu unglunga örfáum mánuðum síðar, á fyrsta ári framhaldsskóla. Þannig segja hátt í 70% unglunga að vori í 10. bekk að foreldrar þeirra myndu bregðast mjög illa við ef þeir neyttu áfengis svo þeir yrðu ölvaðir, en aðeins ríflega 34% unglunga svara því þannig til nokkrum mánuðum síðar, eftir að þau hafa hafið nám í framhaldsskóla.

Það má því segja að ungmenni í framhaldsskólum landsins séu að ná þeim árangri sem hér er kynntur, í andstöðu við þær aðstæður sem þau búa við, eða í það minnsta ekki með stuðningi umhverfisins. Eflaust sýna niðurstöðurnar okkur að um árgangaáhrif sé að ræða. Þannig er það góða starf sem unnið hefur verið meðal allra hlutaðeigandi á grunnskólastigi, væntanlega að koma í ljós innan framhaldsskólanna með þeim árgöngum sem þar stunda nú nám. Á sama tíma eru þessar niðurstöður mikilvæg lexía fyrir okkur, ekki síst fyrir foreldra ungmenna á þessu aldursstigi. Sú vitundarvakning sem hefur orðið meðal starfsfólks og stjórnenda framhaldsskóla og foreldrafélaga innan tiltekinna framhaldsskóla, um mikilvægi þess að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu meðal þessa aldurshóps, þarf að ná til allra foreldra þessara ungmenna. Sá árangur sem náðst hefur meðal unglunga á grunnskólastigi á undanföllum árum mun ekki nást meðal eldri ungmenna, nema að við notum svipaðar grunnaðferðir og þar voru nýttar. Lykilatriðið er samstarf allra þeirra aðila sem koma að uppeldi og daglegu lífi þessara ungmenna.

## Aðferð og gögn

Rannsóknir Rannsókna og greiningar eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til skóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi lágmarka öryggismörk niðurstaðna og hámarka greiningarmöguleika gagna.

## Þátttakendur

Niðurstöður þessarar skýrslu eru byggðar á könnun sem Rannsóknir og greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í febrúar árið 2013. Þátttakendur voru þeir dagsskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi.<sup>1</sup> Upplýsingar um hámarksfjölda nemenda sem mögulega gætu tekið þátt í rannsókninni á fyriragnardegum voru fengnar frá hverjum skóla fyrir sig. Árið 2013 fengust gild svör frá 9859 nemendum af þýðinu og var svarhlutfall 73%.

## Mælitæki

Mælitæki þessara kannana eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en á síðari árum af Rannsóknum og greiningu við Háskólann í Reykjavík. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félags- og heilbrigðisvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um áreiðanleika og réttmæti. Spurningalistinn í framhaldsskólunum árið 2013 inniheldur 15 spurningar í mismunandi mörgum liðum.

---

<sup>1</sup> Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna hagi ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.


## Framkvæmd og úrvinnsla gagna

Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttáð að spurningalistar voru sendir til allra skóla landsins þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir og gerðu svo eftir ákveðnum samræmdum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf var á. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst unnið með tíðnitölur sem eru kynntar með súluritum á myndum með hlutföllum og krosskeyrslum breyta. Spurningunum er ætlað að mæla þá þætti sem tengjast vímuefnanotkun. Niðurstöður skýrslunnar eru settar fram eftir aldurshópum og fæðingarárum.




## Niðurstöður

### Daglegar reykingar




Mynd 1. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi árin 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013 sem segjast reykja sígarettur daglega.

### Notkun munn – og neftóbaks




Mynd 2. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað munntóbak 3x eða oftar sl. 30 daga.




Mynd 3. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað neftóbak 3x eða oftar sl. 30 daga.

## Ölvun sl. 30 daga




Mynd 4. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013.


## Ólögleg vímuefni




Mynd 5. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013.




Mynd 6. Hlutfall nema á landinu í heild sem hafa notað marijúana einu sinni eða oftár um ævina, árin 2010 og 2013.



Mynd 7. Hlutfall nema á landinu í heild sem hafa notað hass eða marijúana þrisvar sinnum eða oftár um ævina, árin 2010 og 2013.



**Mynd 8.** Hlutfall nema á landinu í heild árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftur um ævina.



**Mynd 9.** Hlutfall nema á landinu í heild árin 2007, 2010 og 2013 sem hafa notað E-töflur, LSD eða kókaín um ævina.